

# Úr bankanum og aftur í grösín

*Hún var fjármálastjóri hjá Glitni á alþjóðasviði og missti vinnuna við upphaf kreppunnar. Hún stofnaði því nýtt íslenskt fyrirtæki, enda geta ævintýrakonur sem hafa unnið í frumskógum Perú næstum hvað sem er.*



Eftir Kristínu Heiðu Kristinsdóttur  
khk@mbl.is

Það er ómetanlegt að hafa tvennskona menntun á mjög ólíkum sviðum. Þá hefur maður alltaf val og er ekki bundinn við eitt svið á vinnumarkaðinum. Það kemur sér vel núna í þessu árferði, þar sem fólk missir vinnuna nánast fyrirvarlaust, eins og raunin var með mig," segir Anna Rósa Róbertsdóttir viðskiptafræðingur og grasalæknir. Hún var í góðu starfi sem fjármálastjóri á alþjóðasviði hjá Glitni þegar kreppan brast á og deildin hennar var lögð niður. En hún lætur ekki deigan síga og hefur stofnað fyrirtækið Grasalækningar ehf. „Ég lærði grasalækningar í fjögur ár í The College of Phytotherapy í Bretlandi á sínum tíma og starfaði sem grasalæknir í tólf ár, eða fram að því að ég skellti mér í nám í viðskiptafræði," segir Anna Rósa sem fór að læra viðskiptafræði af því að það truflaði hana alltaf að hún vissi ekki hvað vextir voru. „Mér fannst ég þurfa að læra það almennilega, allir virtust vera með þetta á hreinu nema ég," segir hún og hlær þegar hún er spurð að því hvers vegna hún fór í nám sem var svo gjörólíkt grasalækningum.

## Tínir sjálf sínar jurtir

Nú er miður vetur og Anna Rósa getur ekki gengið út í gjöfula íslenska náttúru til að sækja sér lækningajurtir. „Þess vegna panta ég jurtirnar núna að utan, en þær eru allar lífrænt rektadar. Þegar verið kemur þá fer ég og tíni í-

slenskar jurtir úti í íslenskrí náttúru og þær duga mér að mestu, enda eru til áttafugu íslenskar lækningajurtir og ég þarf ekki að nota nema hluta af þeim. Mjaldjurt er ein þeirra," segir Anna Rósa sem vill þekkja jurtirnar mjög vel sem hún vinnur með. „Ég lærði að þekkja íslenskar jurtir vel þegar ég byrjaði í grasalækningum af því að þá var bannað að flytja inn margar þeirra jurta sem notaðar eru í þessu fagi. Ég þurfti því að tína jurtirnar sjálf og ég bý ævinlega til öll meðal og krem sjálf," segir Anna Rósa sem vann um tíma hjá fyrirtækinu Íslenskum fjallagrösnum og hannaði og framleiddi meðal annars fjalla-grassakrem.

## Viðhorfið hefur breyst

Anna Rósa býr líka til svokallaðar tinktúrur, sem eru sérblandaðar fyrir hvern og einn sem á þarf að halda. Tinktúra er gamalt orð yfir blöndu sem búið er til með því að láta jurtir liggja í ákveðinn tíma í vínanda. Þannig dragast virku efnin úr jurtunum og geymast mjög vel. „Áður fyrr var hefð fyrir tinktúrum hér á landi og þessi hefð er rík í öðrum löndum. Tinktúrur eru fljótvirki og ég læt fólk ávallt fá bæði tinktúrur og jurtaseyði þegar það leitar til mín."

Hún segir viðhorf til grasalækninga hafa breyst heimikíð frá því hún byrjaði í þeim. „Kolbrún grassalæknir hefur rekið verslun sína Jurtaapótekið á Laugaveginum lengi og það eitt hefur haft áhrif á viðhorf fólks. Núna finnst fólk grasalækningar sjálfsagður hlutur, þetta er orðið þekktara og algengara. Á Alþingi voru sett lög um græðsara árið 2005 og það breytti líka miklu. Græðsara eru fólk með allekonar menntun í óhefðbundnum lækningum. Fram að því að þessi lög voru sett, þá voru óhefðbundnar lækningar í raun bannaðar og því var ég strangt til tekið að starfa ólöglega hér áður sem grasalæknir.



Ótraud Anna Rósa lætur bankahrunið ekki stoppa sig.

Núna er þetta hins vegar löglegt á allan hátt og það breytir öllu. Nú get ég til dæmis keypt ábyrgðartryggingu og það skiptir líka máli."

## Tarantúlur í eldhúsinu

Anna Rósa segir grasalækningar hafa lengi verið viðurkenndar og löglegar í mörgum löndum, sérstaklega í Bretlandi og Þýskalandi. „Þetta er líka að breytast mikið í Bandaríkjunum, þar er þetta stundað mikið meðfram hefðbundnum lækningum. Ég tek það fram að ég gef mig ekki út fyrir að lækna eitt eða neitt. Ég er fyrst og fremst að veita aðstoð. Ég vinn ekki með krabbameinssjúka eða neitt slíkt, en ég gæti unnið sam-

hlíða læknum í sílfum tilfellum. Grasalækningar hafa sannast mann fram af manni og kynslóð fram af kynslóð. Þetta er elsta lækningaáferð mannsins. Vissulega eru grasalækningar að hluta til viðindalega sannar, það eru til greinar um það hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni WHO."

Anna Rósa er ævintýrakona og bjó í Suður-Ameríku í tvö ár. „Fyrst fór ég til Perú á vegum brekra samtaka og vann við grasalækningar í frumskóginum í Amazon. Þar lærði ég af frumbyggjunum og ég kenndi þeim líka það sem ég kunní. Þeir voru með allt aðrar jurtir en ég var von að vinna með og þeir meðhöndluðu þetta líka á ólíkan hátt enda er menningin allt

## Jurtir geta hjálpað

Grasalækningar hafa öldum saman verið notaðar gegn ýmsum tegundum sjúkdóma. Algengt er að leiða sé til grasalækis vegna langvarandi veikinda sem illa hefur gengið að ráða bót á með hefðbundnum lækningum.

Grasalækningar getur ekki lofað lækningu en margar lækningajurtir eru taldar geta hjálpað til við eftirfarandi sjúkdóma:

- hormónsójafnvegi, hitakófi, svitaköst, óregulegar blæðingar og fyrirtíðaspenna
- magabólga, magasár, hægtatregða, niðurgangur, uppþemba og vindgangur
- exem, psoriasis, þrálát sár og sveppasýkingar
- lidagigt, vefjagigt og vöðvabólga, höfuðverkir og migreni
- streita, kvíði, svefnleysi, þreyta og vægt þunglyndi
- bjúgsöfnun, góðkynja stekkun, blöðrubólga
- astmi, kvef, hálsbólga, flensa og hósti
- ofnemi og óþol



önnur þarna en á Vesturlöndum. Þetta var mjög gaman og athyglisverður tími, þarna mætti maður stundum í eldhúsinu ókrásilegum kóngulóm eins og tarantúlum. Eftir nokkra mánuði í Perú ferðaðist ég svo um Bólivíu og vann þar seinna sem nuddari um tíma," segir Anna Rósa sem er lærður nuddari. Henni finnst gaman að takast á við eitthvað nýtt, núna er hún til dæmis að læra kínversku en hún er í sambúð með kínverskum manni. „Ég er sannfærð um að Kína á eftir að verða stórveldi og þá verður gott að kunna kínversku."

Tímopantani í síma 662 8328  
www.grasalækninga.is